# MEÐFERÐ MÁLA Í RÍKISRÁÐI

Leiðbeiningar og skýringar

**FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ**

október 1993

**Efnisyfirlit**

**1.0 Inngangur ........................................................................................................3**
**1.1 Ríkisráð .............................................................................................................3**
**1.2 Mál sem bera skal upp í ríkisráði ........................................................................5**
**1.3 Mál borin upp fyrir forseta Íslands utan ríkisráðsfundar ................................6**
1.4 Ríkisráðsfundir ......................................................................................................7
**1.5. Hlutverk ríkisráðsritara og undirbúningur ríkisráðsfunda .............................8**
**1.6 Almennt um undirbúning, frágang og meðferð tillagna til forseta Íslands......9**

**2.0 LAGAFRUMVÖRP ..........................................................................................10**
**2.1 Tillaga til forseta Íslands um að leggja megi lagafrumvarp fyrir Alþingi......10**
**2.2 Tillaga til handhafa forsetavalds um að leggja megi lagafrumvarp fyrir Alþingi ...............................................................................................................12**

**3.0 STAÐFESTING LAGAFRUMVARPA SEM ALÞINGI HEFUR SAMÞYKKT ..........................................................................................................13**
**3.1 Ákvæði stjórnarskrárinnar um staðfestingu lagafrumvarpa .........................13**
**3.2 Staðfesting handhafa valds forseta Íslands á lagafrumvörpum .....................14**
**3.3 Birting laga .......................................................................................................16**

**4.0 TILLÖGUR UM VEITINGU Á, LAUSN EÐA FRÁVIKNINGU FRÁ EMBÆTTI, EÐA FLUTNING ÚR EINU EMBÆTTI Í ANNAÐ, SEM FORSETI ÍSLANDS VEITIR .....................................................................16**
**4.1 Veiting embættis ...............................................................................................17**
**4.2 Flutningur í annað embætti .............................................................................18**
**4.3 Lausn frá embætti .............................................................................................18**

**5.0 AÐRAR MIKILVÆGAR STJÓRNARRÁÐSTAFANIR, SEM BERA SKAL UPP Í RÍKISRÁÐI ...........................................................................................20**

**6.0 STAÐFESTING Í RÍKSRÁÐI Á ÚRSKURÐUM SEM SAMÞYKKTIR ERU UTAN ÞESS ....................................................................................................21**

**7.0 FYLGISKJÖL .....................................................................................................22**

## 1.0 Inngangur

Um langa hríð hafa samskipti ráðherra við forseta Íslands á vettvangi ríkisráðs þróast án þess að til væru skriflegar leiðbeiningar og skýringar um framsetningu skjala að formi og efni. Tillögur til forseta Íslands eru oftast endanleg afgreiðsla þess máls, sem fyrir hann er lagt. Samþykki forseta er nauðsynlegt til að lög og mikilvægar stjórnarathafnir öðlist gildi. Því verður að gera þær kröfur að afgreiðslurnar uppfylli þau lágmarksskilyrði, sem afgreiðslum ríkisráðs eru settar lögum samkvæmt og í samræmi við þær venjur sem skapast hafa á liðnum árum.

Samkvæmt 2. gr. auglýsingar um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96 31. desember 1969, fer forsætisráðuneytið með mál er varða stjórnskipan lýðveldisins, embætti forseta Íslands og ríkisráð Íslands. Jafnframt gegnir ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis starfi ríkisráðsritara samkvæmt 4. málsgr. 10. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73 28. maí 1969. Umsýsla forsætisráðuneytis með ríkisráðsafgreiðslur er umtalsverður þáttur í störfum ráðuneytisins. Samantekt þessi er viðleitni til að safna saman á einn stað leiðbeiningum um meðferð þeirra ríkisráðsafgreiðslna sem algengastar eru ásamt skýringum. Leiðbeiningar þessar og skýringar byggjast á settum réttarreglum, sem gilda um ríkisráðsafgreiðslur, venjum, sem skapast hafa um framkvæmd þeirra, og eðli máls þegar öðru sleppir.

## 1.1 Ríkisráð

Samkvæmt 1. málsgr. 16. gr. stjórnarskrárinnar skipa forseti Íslands og ráðherrar **ríkisráð** og hefur forseti þar forsæti.

Ákvæði um ríkisráð verða rakin til stjórnarskipunarlaganna frá 1903, en þar voru ákvæði um að ráðherrann skyldi bera upp fyrir konung í ríkisráðinu lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir. Ákvæðið var fellt niður í stjórnarskipunarlögunum 1915, án þess þó að raunveruleg breyting yrði á framkvæmd, því sama dag og stjórnskipunarlögin voru undirrituð var gefinn út konungsúrskurður, nr. 13 19. júní 1915, um að lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skyldi framvegis, sem hingað til, bera upp fyrir konungi í ríkisráðinu.[1] Í stjórnarskrána 1920 var sett nýtt ákvæði um ríkisráðsfundi, samsvarandi því sem nú gildir.

Um ríkisráðsfundi voru engar reglur til fyrr en árið 1943 er ríkisstjóri Íslands setti tilskipun um starfsreglur ríkisráðs, nr. 82 16. desember 1943. Þar er að finna nánari reglur um starfsemi ríkisráðsins.

Á fyrstu árum lýðveldisins voru ríkisráðsfundir alltíðir. Þannig voru þeir 37 árið 1945 og næstu þrjú árin þar á eftir voru þeir um 30 til jafnaðar á ári. Síðan fór þeim ört fækkandi. Á sjötta áratugnum voru ríkisráðsfundir haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði. Á sjöunda áratugnum voru þeir að meðaltali haldnir sex sinnum á ári og þá einkum meðan Alþingi sat að störfum. Hélst svo út áttunda áratuginn en á níunda áratugnum fór ríkisráðsfundum enn fækkandi og eru nú að jafnaði haldnir tvisvar á ári.

---

[1] Sjá Agnar Klemens Jónsson, Stjórnarráð Íslands 1904 - 1964, bls. 77, sögufélagið 1969.

Í fyrrnefndri tilskipun eru ákvæði um hvenær halda skuli ríkisráðsfundi, hvenær fundur teljist lögmætur, hvaða mál skuli bera upp í ríkisráði, fundarsköp og um skyldur ríkisráðsritara.

## 1.2 Mál sem bera skal upp í ríkisráði

Samkvæmt 2. málsgr. 16. gr. stjórnarskrárinnar skal bera lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir upp fyrir forseta í ríkisráði.

Í 5. gr. starfsreglna ríkisráðs kemur fram að í ríkisráði skuli bera upp fyrir forseta öll lög, þar á meðal bráðabirgðalög, og mikilvægar stjórnarráðstafanir. Hér er fylgt orðalagi stjórnarskrárinnar, en jafnframt tekið fram til skýringar að um bráðabirgðalög gildi hið sama og önnur lög. Það getur verið álitamál hvaða stjórnarathafnir séu mikilvægar. Umrædd 5. gr. geymir nokkrar leiðbeiningar í því efni og byggir þar á ýmsum ákvæðum stjórnarskrárinnar. Samkvæmt ákvæðinu skal bera eftirfarandi mál upp í ríkisráðinu. Eftir því sem við á er vísað í ákvæði stjórnarskrárinnar.

a Lagafrumvörp, sem ráðherra vill leggja fyrir Alþingi. Samkvæmt 25. gr. stjskr. getur forseti lýðveldisins látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta.

b Tillögur um að kveðja saman Alþingi, slíta því, fresta fundum þess eða rjúfa það. Samkvæmt 22. gr. stjskr. stefnir forseti lýðveldisins saman Alþingi eftir kosningar og setur reglulegt Alþingi ár hvert. Skv. 23. gr. stjskr. frestar forseti fundum Alþingis og framhaldsfundir verða ekki haldnir nema með atbeina hans.

c Samninga við erlend ríki sem eru mikilvægir eða þurfa staðfestingar forseta, annað hvort samkvæmt stjórnarskránni eða samkvæmt ákvæðum samningsins. Samkvæmt 21. gr. stjskr. er það forseti sem gerir samninga við önnur ríki.

d Tillögur um veitingu á, lausn eða frávikningu úr embætti, eða flutning úr einu embætti í annað sem forseti Íslands veitir. Samkvæmt 20. gr. stjskr. veitir forseti lýðveldisins þau embætti er lög mæla. Sömuleiðis getur forseti vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það, sem og flutt embættismenn úr einu embætti í annað.

e Tillögur um að saksókn fyrir afbrot skuli falla niður, um náðun og um almenna uppgjöf saka. Samkvæmt 29. gr. stjskr. getur forseti ákveðið að saksókn fyrir afbrot skuli falla niður, ef ríkar ástæður eru. Þá náðar forseti menn og veitir almenna uppgjöf saka.

f Forsetaúrskurði, tilskipanir, opin bréf og aðrar mikilvægar stjórnarráðstafanir sem ekki hafa þegar verið taldar. Sem dæmi má nefna samþykkt forseta Íslands á tillögu um framlagningu þingsályktunartillögu frá ríkisstjórninni, staðfestingu hans á reglugerð um Stjórnarráð og Háskóla Íslands og forsetabréf um skipun orðunefndar.

Af lokaorðum f-liðar er ljóst að upptalning 5. gr. tilskipunarinnar er ekki tæmandi.

## 1.3 Mál borin upp fyrir forseta Íslands utan ríkisráðsfundar

Sú venja hefur skapast að tillögur um afgreiðslu mála eru bornar upp fyrir forseta utan ríkisráðsfundar. Þær tillögur sem forseti staðfestir með þessum hætti eru síðan bornar upp til endurstaðfestingar á næsta fundi ríkisráðs. Endurstaðfesting afgreiðslu er hreint formsatriði, en þó skilyrði fyrir að þessi háttur teljist lögmætur og fullnægi boði 16. gr. stjórnarskrárinnar. Í riti sínu Stjórnarráð Íslands 1904-1964 telur Agnar Klemens Jónsson ekkert því til fyrirstöðu að hafa þennan háttinn á. Stjórnarathafnir, sem þannig væri með farið, fengju fullt gildi eins og framkvæmdirnar hefðu farið fram á ríkisráðsfundi.[2] Í Stjórnskipunarrétti Ólafs Jóhannessonar er rætt um þessa venju og telur höfundur hana svo ríka að henni verði fylgt framvegis þótt hann telji háttinn vera andstæðan tilgangi stjórnarskrárgjafans. Um þetta segir Ólafur Jóhannesson:

> Með hliðsjón af þessari venju hefur verið talið, að ráðstöfun sé gild, þó að hún hafi ekki verið borin upp fyrir forseta í ríkisráði, en vitaskuld er hugsanlegt, að ráðherra bakaði sér ábyrgð með því að sniðganga boð 16. gr. stjskr. Nokkur efnisrök væru til þess að fara hér strangar í sakir, a.m.k. þegar um er að ræða stjórnarathafnir, sem fela í sér endanlega afgreiðslu máls. Meðferð máls í ríkisráði tryggir, að aðrir ráðherrar eigi þess kost að láta uppi álit um mál, áður en það er endanlega afgreitt. Aðalreglan er sú samkvæmt íslenskum rétti, að vanræksla um leitun álits eða umsagnar, þar sem slíkt er lögboðið, hafi í för með sér ógildingu stjórnarathafnar. Eftir því ætti það að skipta máli um gildi ákvörðunar, hvort hún er borin upp fyrir forseta í ríkisráði eða utan þess. Samt sem áður verður sennilega litið svo á hér, að ráðstöfun sé gild, þó að hún sé ekki borin upp fyrir forseta í ríkisráði og þó að endurstaðfesting í ríkisráði farist fyrir, enda er endurstaðfestingin hreint formsatriði.[3]

Hinn 1. janúar 1970 gengu í gildi lög um Stjórnarráð Íslands, nr. 73 28. maí 1969. Í 2. málsgr. 2. gr. laganna segir:

> Málefni, sem bera á upp fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar, skulu áður tekin til meðferðar á ráðherrafundi.

Með gildistöku þessa ákvæðis virðist sú venja að bera upp mál fyrir forseta utan ríkisráðs festast enn frekar í sessi, enda tryggir það að ráðherrar hafi vitneskju um málið og hafi haft tækifæri til athugasemda.

---

[2] Agnar Kl. Jónsson bls. 101 og 456.
[3] Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, bls. 158, Iðunn, Reykjavík 1978.

## 1.4 Ríkisráðsfundir

Um ríkisráðsfundi segir Ólafur Jóhannesson svo í Stjórnskipun Íslands:[4]

> Forseti stefnir ríkisráði saman til funda á þeim stað og á þeirri stundu, er hann ákveður eftir tillögu forsætisráðherra. Forseti getur einnig kvatt ríkisráð saman til funda, án þess að fyrir liggi tillaga forsætisráðherra, ef hann telur það óhjákvæmilega nauðsynlegt. Samkvæmt því getur forseti sjálfur metið nauðsyn á ríkisráðsfundum og stefnt ríkisráði saman án atbeina ráðherra. ...... Ríkisráðsfundur er lögmætur ef meirihluti ráðherra mætir, og ef sérstaklega stendur á, og ef brýna nauðsyn ber til að halda ríkisráðsfund tafarlaust, telst fundur lögmætur, ef auk forseta eru tveir ráðherrar á fundi, enda sé fullvíst, að ekki geti fleiri komið á fundinn, sbr. 3. gr. ríkisráðstilsk. Ætla verður, að forseti meti þessi atriði. Þrátt fyrir niðurlag 3. gr. verður að telja fund lögmætan, að fullnægðum öðrum skilyrðum, þótt einhverjir ráðherrar sitji heima án lögmætra forfalla, og þeir í sjálfu sér gætu auðveldlega sótt fund.

Gera má ráð fyrir að ríkisráðsfundir verði að jafnaði haldnir ekki sjaldnar en einu sinni á misseri, svo sem verið hefur um nokkurt skeið, að loknum störfum Alþingis á haustþingi og vorþingi. Ríkisráðsfundir munu þessu til viðbótar haldnir við stjórnarskipti, forsetaskipti og hvenær sem forseti Íslands boðar til slíks fundar að eigin frumkvæði eða að tillögu forsætisráðherra.

[4] Ólafur Jóhannesson bls. 155 - 8

## 1.5. Hlutverk ríkisráðsritara og undirbúningur ríkisráðsfunda

Eins og áður segir skal ráðuneytissjóri forsætisáðuneytis jafnframt því embætti gegna störfum ritara ríkisráðs Íslands. Áður giltu ákvæði tilskipunarinnar um starfsreglur ríkisráðs sem gerðu ráð fyrir að ríkisráðið skipaði ríkisráðsritara, eftir tillögu forsætisráðherra, til eins árs í senn frá 17. júní ár hvert.

Hlutverki ríkisráðsritara er lýst í 2. málsgr. 8. gr. tilskipunarinnar um starfsreglur ríkisráðs. Samkvæmt því skal ríkisráðsritari:

1. annast bókun fundargerða ríkisráðs,
2. annast kvaðningu til funda ríkisráðs,
3. sjá um að fyrir liggi í réttu formi tillögur þær er bera skal upp á ríkisráðsfundi,
4. sjá um afgreiðslu mála þeirra sem afgreidd hafa verið í ríkisráði í hendur hlutaðeigandi ráðuneyta eða annarra,
5. sjá um afgreiðslu eftirrita af tillögum sem afgreiddar hafa verið í ríkisráði til skrifstofu forseta Íslands,
6. geyma gerðabók og skjalasafn ríkisráðs og sjá um að það sé jafnan í góðu lagi.

Hlutverk ríkisráðsritara, eins og því er líst í fyrrgreindu ákvæði, verður að sjálfsögðu að skoðast í ljósi þeirrar venju sem skapast hefur um afgreiðslur forseta Íslands utan ríkisráðs.

Af framangreindu er ljóst að til ríkisráðsritara skal senda allar tillögur sem bera skal upp fyrir forseta Íslands, hvort sem það verður gert á ríkisráðsfundi eða utan hans. Þegar ríkisráðsritari fær tillögu í hendur kannar hann eftirfarandi:

1. að tillagan sé í réttu formi, sbr. 8. gr. tilskipunar um starfsreglur ríkisráðs,
2. að tillagan hafi verið til meðferðar á ráðherrafundi, sbr. 2. málsgr. 2. gr. laga um Stjórnarráð Íslands. Um þetta atriði upplýsir ritari ríkisstjórnarinnar ríkisráðsritara og sér til þess að forsætisráðherra kynni á ráðherrafundi þau mál sem ráðherra hefur ekki kynnt sjálfur, sbr. 2. málsgr. 7. gr. tilskipunar um starfsreglur ríkisráðs.

Ríkisráðsritari hefur tekið upp færslu sérstakrar afgreiðsluskrár til að hafa betri yfirsýn yfir tillögur sem staðfestar eru utan ríkisráðs og koma skulu til endurstaðfestingar á ríkisráðsfundi. Á skrá þessa er færð dagsetning ráðuneytis á tillögu, dagsetning afgreiðslu ríkisstjórnar, dagsetning áritunar forseta og, ef um lög er að ræða, dagsetning samþykktar á Alþingi.

Lögin um Stjórnarráð Íslands taka ekki sérstaklega fram að ríkisráðsritari geti falið öðrum að annast verkefni sín. Eðlilegt verður hins vegar að telja að ríkisráðsritari geti falið starfsmanni forsætisráðuneytis að annast ýmis þeirra starfa, sem á

ríkisráðsritara hvíla, ekki síst þau verkefni sem snúa að formgæslu mála sem berast til ríkisráðsritara. Hefur sú orðið raunin hin síðari ár. Þetta breytir því ekki að ábyrgðin hvílir á ríkisráðsritara.

## 1.6 Almennt um undirbúning, frágang og meðferð tillagna til forseta Íslands

Um undirbúning, frágang og meðferð tillagna til forseta Íslands gilda eftirfarandi almennar reglur:

1. Ráðuneytisstjóri ber ábyrgð gagnvart ráðherra á því að efni tillögu sé rétt og í samræmi við þær ráðstafanir sem ráðherra hyggst hrinda í framkvæmd við staðfestingu tillögunnar. Jafnframt ber hann ábyrgð á að forsetabréf sé í samræmi við það sem lagt er til í tillögunni. Eðlilegt er því að ráðuneytisstjóri hafi yfirumsjón með undirbúningi og frágangi tillagna til forseta Íslands.

2. Í tillögu skal forseti Íslands þéraður. Þá skulu ráðherrar ávallt bera tillögur sínar upp fyrir forseta *allravirðingafyllst.*

3. Tillagan skal vélrituð á örk í A-4 stærð. Texti tillögunnar er settur fram í tveimur dálkum. Frá og með 1. janúar 1944 skal hætt að nota arkir í foliostærð.

4. Tillagan skal undirrituð af ráðherra þeim sem tillöguna ber upp fyrir forseta, sbr. 18. gr. stjórnarskrárinnar. Sé ráðherra fjarverandi undirritar tillöguna sá ráðherra sem falið hefur verið að fara með mál ráðuneytis hins fjarstadda ráðherra.[5] Ráðuneytisstjóri skal undirrita tillöguna með ráðherra. Í fjarveru ráðuneytisstjóra skal staðgengill ráðuneytisstjóra eða annar starfsmaður sem ráðuneytisstjóri ákveður undirrita tillöguna með ráðherra.

5. Tillagan skal send ríkisráðsritara með bréfi með ósk um frekari fyrirgreiðslu.

6. Ekki er þörf afrita. Ríkisráðritari geymir ljósrit af afgreiddum tillögum í skjalasafni ríkisráðs.

7. Ef um er að ræða tillögu um undirritun forseta á forsetabréf skal forsetabréfið fylgja tillögunni. Sú venja hefur myndast að ráðherra undirriti forsetabréfið á undan forseta, í trausti þess að forseti samþykki tillöguna.

8. Ríkisráðsritari gengur úr skugga um að tillaga sé réttilega úr garði gerð. Sé svo leggur hann tillöguna fyrir forseta Íslands. Forseti Íslands skráir með eigin hendi á tillöguna: "Fellst á tillöguna" og ritar nafn sitt þar undir. Eftir áritun forseta annast ríkisráðsritari að tillagan sé stað- og dagsett. Í fjarveru forseta Íslands er tillagan lögð fyrir handhafa valds forseta Íslands. Í þeim tilvikum skráir einhver þeirra á tillöguna: "Föllumst á tillöguna" og handhafar forsetavalds undirrita tillöguna síðan eigin hendi.

---

[5] Ráðherrum ber að tilkynna ritara ríkistjórnarinnar um fjarvistir. Ritari færir aftast í fundargerð ríkisstjórnarinnar bókun um hvaða ráðherra fer með mál ráðuneytis hins fjarstadda ráðherra. Bókanir þessar eru yfirleitt aðeins færðar fari ráðherra af landi brott, en ekki ef hann er fjarstaddur vegna minniháttar veikinda eða vegna ferða innanlands.

9. Tillaga er endursend viðkomandi ráðuneyti með bréfi ríkisáðsritara þar sem fram kemur hvaða ráðherra ber tillöguna upp, mál sem afgreitt er með tillögunni, hvar forseti féllst á tillöguna og hvort það hafi verið gert utan ríkisráðs eða á ríkisráðsfundi. Hafi verið fallist á tillöguna utan ríkisráðs ber viðkomandi ráðuneyti að leita endurstaðfestingar hennar á næsta ríkisráðsfundi.

# 2.0 LAGAFRUMVÖRP

## 2.1 Tillaga til forseta Íslands um að leggja megi lagafrumvarp fyrir Alþingi.

Í stjórnskipun Íslands eftir Ólaf Jóhannesson segir um meðferð lagafrumvarpa:

> Samkvæmt 25. gr. stjskr. getur forseti látið leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga og annarra samþykkta. Í reyndinni eru það vitaskuld ráðherrar, sem ráða því, hver frumvörp eru lögð fram af stjórnarinnar hálfu. Áður en stjórnarfrumvarp er flutt á Alþingi þarf samt að leggja það fyrir forseta og fá samþykki hans til framlagningar þess.[6]

Samkvæmt 2. málsgr. 2. gr. laga um Stjórnarráð Íslands skulu málefni sem bera á upp fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar áður tekin til meðferðar á ráðherrafundi. Lagafrumvörp þarf því að taka til meðferðar á ráðherrafundi. Stjórnarráðslögin ítreka hér 17. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að ráðherrafundi skuli halda um nýmæli í lögum.

Þegar lagafrumvarp hefur verið tekið til meðferðar á ráðherrafundi er unnt að útbúa tillögu til forseta Íslands um að viðkomandi lagafrumvarp verði lagt fyrir Alþingi. Æskilegt er að tillögu fylgi prentað frumvarp. Sé þess ekki kostur er a.m.k. nauðsynlegt að tillögunni fylgi endanlegur texti frumvarpsins.[7]

---

[6] Ólafur Jóhannesson bls. 288.

[7] Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 1991 skal ætíð prenta sem fylgiskjal með stjórnarfumvarpi kostnaðarsamt fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis og verður því að gæta þess að óska eftir þessu kostnaðarmati í tíma.

Þegar ríkisráðsritara berst í hendur tillaga til forseta Íslands um að leggja lagafrumvarp fyrir Alþingi gengur hann úr skugga um að ráðherrafundur hafi samþykkt að umrætt lagafrumvarp skuli lagt fyrir Alþingi.[8]

Í fylgiskjali 1 er að finna sýnishorn að tillögu til forseta Íslands um að lagafrumvarp verði lagt fyrir Alþingi. Í fylgiskjali 2 er sýnishorn að bréfi til ríkisráðritara. Tillögunni og bréfinu skulu fylgja tvö eintök af lagafrumvarpinu.

---

[8] Samþykki ráðherrafundar er að jafnaði skilyrt samþykki þingflokka stjórnarflokkanna. Þingflokkar stjórnarflokkanna svara viðkomandi ráðherra því skriflega hvort þeir samþykki að frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi sem stjórnarfrumvarp. Afrit af bréfi þingflokkanna til ráðherra er sent ritara ríkisstjórnarinnar, sem heldur sérstaka skrá um þingmál ríkisstjórnarinnar. Þegar ríkisráðsritara berst tillaga til forseta Íslands um að leggja megi lagafrumvarp fyrir Alþingi kannar hann einnig sérstaklega hvort þingflokkar stjórnarflokkanna hafi samþykkt að umrætt lagafrumvarp verði lagt fyrir Alþingi.

## 2.2 Tillaga til handhafa forsetavalds um að leggja megi lagafrumvarp fyrir Alþingi

Í fjarveru forseta Íslands þarf að bera tillögu um að leggja megi lagafrumvörp fyrir Alþingi fyrir handhafa forsetavalds. Forsætisráðuneytið auglýsir brottför og komu forseta og meðferð forsetavalds í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum.

Gangur mála er í þessum tilvikum allur hinn sami og lýst var í 2.1, að öðru leyti en því að texti tillögunnar og bréfsins sem því fylgir er í samræmi við sýnishorn í fylgiskjölum 3 - 4. Tillögunni og bréfinu skulu fylgja fjögur eintök af lagafrumvarpinu.

# 3.0 STAÐFESTING LAGAFRUMVARPA SEM ALÞINGI HEFUR SAMÞYKKT

## 3.1 Ákvæði stjórnarskrárinnar um staðfestingu lagafrumvarpa

Samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar skal lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt lagt fyrir forseta Íslands til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt. Staðfesting forseta veitir frumvarpinu lagagildi. Ef um er að ræða þingmannafrumvarp þarf að kynna tillögu um staðfestingu þess á ráðherrafundi áður en hún er borin upp fyrir forseta, sbr. 2. málsgr. 2. gr. laga um Stjórnarráð Íslands.

Um þetta atriði segir Agnar Klemens Jónsson svo í riti sínu Stjórnarráð Íslands 1904 -1964:

> Þegar ráðuneyti hefur fengið lagafrumvarp, sem Alþingi hefur samþykkt, en Alþingi sendir ríkisstjórninni, eða réttara sagt hlutaðeigandi ráðuneyti, öll frumvörp, sem það hefur afgreitt endanlega með samþykki sínu, hvort sem þau eru stjórnarfrumvörp eða þingmannafrumvörp, þá er næsta skrefið að sjá um staðfestingu þess. Ráðherra er skylt að leggja frumvarp fyrir forseta, en hins vegar er honum ekki talið stjórnskipulega skylt að leggja til við forseta, að hann staðfesti frumvarp. Léti ráðherra hjá líða að leita staðfestingar forseta á lagafrumvarpi, gæti hann bakað sér með því stjórnskipulega ábyrgð. .... Staðfesting lagafrumvarpa, sem Alþingi hefur samþykkt, fer fram í ríkisráði samkvæmt 16. gr. stjónarskrárinnar 1944, en samkvæmt 26. gr. hennar skal lagafrumvarp lagt fyrir forseta til staðfestingar eigi síðar en tveimur vikum eftir að það hefur verið samykkt. Frumvarpið mundi þó ekki talið niður fallið, þótt þess frests sé ekki gætt.[9]

Ráðherra hefur samkvæmt stjórnarskránni fjórtán daga frá því að lagafrumvarp er samþykkt til að leita staðfestingar forseta á frumvarpinu. Ólafur Jóhannesson fjallar um í Stjórnskipun Íslands hvaða afleiðingu það hafi ef brugðið er út af þessu stjórnarskrárboði. Um þetta segir svo í ritinu:

> Með hliðsjón af því, að þessi frestur kemur í stað þess, að áður var boðið, að frumvarp skyldi staðfest áður en næsta reglulegt Alþingi kom saman, og vanræksla í því efni hafði í för með sér, að frumvarpið félli niður, mætti ætla, að frumvarpið væri úr sögunni, ef það er ekki lagt fyrir forseta innan hins tilskilda frests. Sennilega verður ákvæðið þó ekki skilið á þá lund. Frumvarpið verður því ekki talið niður fallið, þótt þessa frests sé ekki gætt, og staðfesting eða synjun forseta að liðnu þessu tímamarki, myndi veita frumvarpinu lagagildi. En það væri embættisvanræksla hjá ráðherra, ef hann legði frumvarpið ekki fyrir forseta innan tveggja vikna frestsins og myndi varða hann ábyrgð.[10]

Innan 14 daga frestsins sendir forseti Alþingis þeim ráðherra, sem umrætt lagafrumvarp heyrir undir, bréf um samþykkt viðkomandi frumvarps. Í bréfinu kemur fram hvenær frumvarpið var samþykkt. Bréfi Alþingis fylgja fjögur eintök af texta lagafrumvarpsins, prentuðum á arkir í A-4 stærð. Á tvö eintök lagatextans er auk hans prentað heiti laganna og þau undirrituð, að jafnaði af forseta Alþingis og skrifstofustjóra, en tvö eintök hans eru án heitisins og óundirrituð. Jafnframt því að senda viðkomandi ráðherra hið samþykkta lagafrumvarp er ríkisráðsritara send tilkynning um samþykkt frumvarpsins og framsendingu þess.

---

[9] Agnar Kl. Jónsson bls. 460 - 461.

[10] Ólafur Jóhannesson bls. 296.

Tillaga til forseta Íslands um staðfestingu lagafrumvarpsins skal vera í samræmi við fylgiskjöl 5 - 6 og fer það eftir því hvort um stjórnarfrumvarp eða þingmannafrumvarp er að ræða. Bréfið sem fylgir tillögunni skal vera í samræmi við fylgiskjal 7.

Tillögunni skal fylgja forsetabréf með hinu samþykkta lagafrumvarpi. Um sýnishorn forsetabréfs vísast til fylgiskjals 8.

Inn í forsetabréfið er annað eintak lagatextans, sem ekki er með fyrirsögn, saumað með bláu perlugarni. Jafnframt er fyrsta og önnur síða forsetabréfsins yfirstrikuð frá neðra hægra horni með stefnu í efra vinstra horn, sbr. fylgiskjal 8.

Að svo búnu ritar ráðherra nafn sitt á forsetabréfið undir línuna á þriðju síðu.

Með forsetabréfinu er látið fylgja laust annað eintak lagafrumvarpsins með heiti þess. Um meðferð aukaeintaka laganna sem koma frá Alþingi fer eftir reglum hvers ráðuneytis um sig.

Ríkisráðsritari leggur tillöguna ásamt forsetabréfi fyrir forseta Íslands. Fallist forseti á tillöguna undirritar hann hana með sama hætti og getið var um í 2.1. Jafnframt undirritar forsetinn forsetabréfið á þriðju síðu.

Eftir áritun forseta er tillagan og forsetabréfið stað- og dagsett og innsigli lýðveldisins þrykkt á forsetabréfið. Tillagan er að svo búnu endursend með bréfi ríkisráðsritara. Bréfið er sama efnis og getið var um í 2.1 að öðru leyti en því að í því kemur jafnframt fram að forsetabréfið sé endursent undirritað.

Hvert ráðuneyti þarf að sjá sjálft um að útvega nauðsynlegar birgðir af stöðluðum eyðublöðum fyrir forsetabréf.

## 3.2 Staðfesting handhafa valds forseta íslands á lagafrumvörpum

Ef forseti Íslands er fjarverandi í skilningi 8. gr. stjórnarskrárinnar verður að leita staðfestingar handhafa valds forseta Íslands á lagafrumvarpi sem samþykkt hefur verið á Alþingi. Í þessu sambandi er ekki talið skipta máli hvort forseti muni koma aftur til starfa innan 14 daga frestsins, því oft getur verið knýjandi að staðfesta lagafrumvarp án tafar.

Tillagan til handhafa valds forseta Íslands skal vera í samræmi við fylgiskjöl 9 - 10 eftir því hvort um stjórnarfrumvarp eða þingmannafrumvarp er að ræða. Bréfið sem fylgir tillögunni skal vera í samræmi við fylgiskjal 11.

Í stað forsetabréfs er útbúið bréf handhafa valds forseta Íslands, sem er örk með yfirskriftinni "Handhafar valds forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar, forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar, gjöra kunnugt:", sbr. fylgiskjal 12.

Meðferð tillögunnar eftir að ríkisráðsritari fær hana í hendur er hin sama og lýst er í 3.1 að öðru leyti en því að handhafar forsetavalds undirrita tillöguna eigin hendi í stað forseta Íslands.

Hvert ráðuneyti þarf að sjá sjálft um að útvega nauðsynlegar birgðir af stöðluðum eyðublöðum fyrir bréf handhafa valds forseta Íslands.

## 3.3 Birting laga

Samkvæmt 27. gr. stjórnarskrárinnar skal birta lög, en um birtingarháttu og framkvæmd laga fer að landslögum.

Sett hafa verið lög um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64/1943, sbr. breytingu með lögum nr. 22/1962. Samkvæmt 1. gr. laganna skal í A-deild Stjórnartíðinda birta lög öll, tilskipanir, opin bréf, auglýsingar og aðrar tilkynningar almenns efnis, sem út eru gefnar af æðsta handhafa framkvæmdarvaldsins, svo og reglur, sem Alþingi kann að setja um framkvæmd almennra málefna í þingsályktunum. Í 7. gr. sömu laga segir að fyrirmælum, er felast í lögum, auglýsingum, tilskipunum, reglugerðum, opnum bréfum, samþykktum eða öðrum slíkum ákvæðum almenns efnis, megi eigi beita fyrr en birting hefur farið fram, nema þau geymi ákvæði algerlega einkamálaeðlis og aðilar hafi komið sér saman um, að skipti þeirra skuli fara eftir óbirtum fyrirmælum. Ákvæðið geymir ennfremur reglu um það að birt fyrirmæli skuli binda alla frá og með fyrsta degi þess mánaðar er liðnir eru þrír almanaksmánuðir hið skemmsta frá útgáfudegi þess blaðs Stjórnartíðinda, er fyrirmælin voru birt, nema þau geymi aðrar ákvarðanir um gildistöku sína.

Lögum, sem Alþingi hefur samþykkt og forseti Íslands staðfest, er því ekki hægt að beita fyrr en þau hafa verið birt.

Eftir að tillaga til forseta Íslands um staðfestingu lagafrumvarps ásamt forsetabréfi berst ráðuneyti frá ríkisráðsritara er mikilvægt að ráðuneyti sendi lögin án tafar til birtingar í Stjórnartíðindum.

Sú verklagsregla hefur skapast að ríkisráðsritari sendir ritstjóra Stjórnartíðinda ljósrit af bréfi til forseta eða handhafa valds forseta Íslands um staðfestingu lagafrumvarps eftir að forseti eða handhafar valds forseta hafa undirritað það og til staðfestingar um samþykki sitt. Hjá ritstjóra Stjórnartíðinda gildir einnig sú verklagsregla að lög eru ekki birt fyrr en honum hefur borist nefnt ljósrit, fyrir milligöngu ríkisráðritara eða viðkomandi ráðuneytis. Í seinni tíð sendir ríkisráðsritari ljósrit þessi í bréfsíma jafnskjótt og hann hefur innsiglað og stað- og dagsett undirritun forseta.

# 4.0 TILLÖGUR UM VEITINGU Á, LAUSN EÐA FRÁVIKNINGU FRÁ EMBÆTTI, EÐA FLUTNING ÚR EINU EMBÆTTI Í ANNAÐ, SEM FORSETI ÍSLANDS VEITIR

Í 20. gr. stjórnarskrárinnar er að finna ákvæði um embættismenn. Þar segir:

> Forseti lýðveldisins veitir þau embætti, er lög mæla.
> Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenskan ríkisborgararétt. Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.
> Forseti getur vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það.
> Forseti getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum, og sé þeim veittur kostur á að kjósa um embættaskiptin eða lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk.

> Með lögum má undanskilja ákveðna embættismannaflokka auk embættismanna þeirra, sem taldir eru í 61. gr.

Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, með síðari breytingum, (stml), setja m.a. almennar reglur um málsmeðferð við ráðstöfun þeirra embætta, sem lög mæla fyrir um að forseti Íslands veiti. Jafnframt kunna sérákvæði að eiga við um einstök embætti.

## 4.1 Veiting embættis

Þótt veitingarvald sé hjá forseta Íslands er það ráðherra sem í reynd ræður því hverjum embætti eru veitt. Samkvæmt 1. málsgr. 5. gr. stml. ber að auglýsa eftir umsækjendum í lausa stöðu, venjulega með fjögurra vikna fyrirvara. Að jafnaði verður embætti, sem forseti Íslands veitir, ekki laust til umsóknar fyrr en forseti hefur fallist á tillögu ráðherra um að veita þeim lausn sem af embætti lætur. Þegar ráðherra hefur tekið ákvörðun um hvern umsækjenda skuli skipa er útbúin tillaga til forseta Íslands um veitingu embættisins ásamt forsetabréfi um skipunina.

Í meginmáli tillögu hefur tíðkast að taka fram að viðkomandi embætti hafi verið auglýst laust til umsóknar og umsækjendur nafngreindir. Loks er lagt til hverjum skuli veita embættið og að hjálagt skipunarbréf verði undirritað. Ráðherra er að öðru leyti í sjálfsvald sett hverju hann kýs að greina forseta frá. Svo augljóst er að ráðherra ber að fara að öllum viðeigandi málsmeðferðarreglum að óþarft er að taka það fram. Þess eru þó dæmi að gerð er grein fyrir málsmeðferð í tillögu ef um hana gilda sérákvæði í lögum, til að mynda ef dómnefnd hefur verið skipuð til að meta embættisgengi umsækjenda.

Sýnishorn tillögu um skipun í embætti er að finna í fylgiskjali 13.

